



Alþingi – nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10

101 REYKJAVÍK
(nefndasvid@althingi.is)

Reykjanesbæ 25. október 2023

Efni: Umsögn um 315. mál, tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum vil koma eftirfarandi á framfæri vegna framlagðar tillögu.

Almenningssamgöngur

Í kafla um ályktunarinnar um almenningssamgöngur er mikilvægt að bættar samgöngur á milli höfuðborgarsvæðis og Keflavíkurflugvallar taki einnig tilliti til íbúa svæðisins. Ekki er eingöngu hægt að horfa á þessar samgöngur sem þjónustu við ferðamenn eingöngu heldur eru almenningssamgöngur byggðaþróunartæki. Keflavíkurflugvöllur er stærsti vinnustaðurinn á Reykjaneskaganum og því mikilvægt að gæta vel að tengingum við sveitarfélögin á svæðinu. Bæta þarf tíði ferða svo íbúar Suðurnesja hafi möguleika á því að nýta sér almenningssamgöngur til þess að komast til og frá vinnu. Sveitarfélögin á Suðurnesjum eru eitt vinnusóknarsvæði og því mikilvægt að tryggja góðar almenningssamgöngur um skagann.

Grunnnet samgangna

Gerðar eru athugasemdir við það að fella eigi Njarðvíkurhöfn út úr grunnneti samgangna en samkvæmt áætluninni á að fella bæði Njarðvíkur og Keflavíkurhöfn út úr henni. Fyrir liggur ákvörðun þáverandi dómsmálaráðgjafar Jón Gunnarssonar, um að flytja skuli skipastól Landhelgisgæslu Íslands til Njarðvíkurhafnar á árinu 2025. Var sú ákvörðun tekin á grundvelli fýsileika athugunar og þarfagreiningar. Einnig er gert ráð fyrir því að gerð verði aðstaða fyrir skip á vegum NATO í Njarðvíkurhöfn. Auk þess munu eiga sér stað mikil uppbygging í höfninni en áætlað er að byggja nýja skipakví, sá öflugustu á landinu.

Að þessu sögðu verður að teljast mikilvægt bæði fyrir ríki og sveitarfélög að halda Njarðvíkurhöfn innan grunnnets samgangna og er þeirri kröfu hér með komið á framfæri.

Gera þarf úrbætur í Grindavíkurhöfn en nauðsynlegt er að halda áfram með hafnarbætur með það að markmiði að auka öryggi hafnarinnar og byggja hana upp þannig að hún nái að halda í við vöxt í landeldi á Reykjanesi. Höfnin er nú þegar undir afkastagetu, getur ekki þjónað núverandi skipum sem til hafnarinnar koma. Versnar staðan mjög á komandi árum ef ekkert er að gert. Óbreytt Innsigling til hafnarinnar annar ekki þörfum og eftirspurn viðskiptavina og um leið verður ekki séð að leitast sé með sem bestum hætti að lámarka kolefnisspor landsins þar sem afurðum framleiddar á svæðinu



þarf að keyra til hafna sem liggja mun lengra frá uppruna framleiðslunnar. Vert er að benda á að sjávarútvegsfyrirtæki í Grindavík eru með rúmlega 10% heildarkvóta landsins og því mikilvægt að tryggja hafnaraðstæður séu góðar.

Boston Consulting Group mat það sem svo að fiskeldi á landi muni vaxa á komandi árum. Öll teikn eru á lofti á í þá átt á Suðurnesjum. Auðvelt er að færa rök fyrir því að þessi mynd er að raungerast, ef skoðaður er 1-15 km radíus frá Grindavíkurhöfn en þar er að finna:

- Samherji bleikjueldi 3-5000 tonn (vaxtaráform í 9000 þús. tonn)
- Matorka 3-5000 tonn bleikja (vaxtaráform í 9000 tonn)
- Aurora abalone (áður Sæbýli) sem þegar hefur hafið stækkun
- Stolt Seafarm
- Samherji laxeldi áætlun 40.000 tonn lax.
- Benchmark Genetics.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum benda einnig á að gert er ráð fyrir stærstu einstöku landeldisstöð í heimi á Reykjanesi, með um 40.000 tonna framleiðslugetu á ári. Búast má við því að framkvæmdir hefjist næstu dagana. Búið er að samþykkja breytingar á skipulagi og vinna matsáætlun vegna umhverfismats. Í núverandi tillögu að Samgönguáætlun virðist ekki vera gert ráð fyrir þessari starfsemi en Nesvegur(425) sem liggur frá landeldisstöðinni, hvort sem um er að ræða til Grindavíkur eða Reykjanesbæjar ber á engan hátt umferðina sem gera má ráð fyrir vegna uppbyggingar og reksturs stöðvarinnar.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum leggja áherslu á að lokið verði við tvöföldun Reykjanesbrautar alla leið að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e.a.s. milli Fitja og Rósaselstorgs. Ef miðað er við uppbyggingu á flugvelli er ljóst að það þarf að gerast sem fyrst. Ekki er hægt að bíða í 10 ár eftir þeirri framkvæmd.

Flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki í efnahagslífi þjóðarinnar og er forsenda fyrir víðtækum tengslum Íslendinga við aðrar þjóðir. Framkvæmdir hófust árið 2021 við austurbyggingu við FLE en hún felur í sér 30% stækkun. Gert er ráð fyrir því að þeirri framkvæmdinni verði lokið árið 2024.

Framkvæmdir við stækkun norðurbyggingar og tenginu við suðurbyggingu hófst s.l. sumar, auk þess unnið hefur verið að stækkun flugbrautarkerfis. Það er því ljóst ekki verður við það búið að hafa Reykjanesbrautina einfalda á þessum kafla og að hún verði ekki tvöfölduð fyrr en löngu eftir að þessum fasa uppbyggingar á Keflavíkurflugvíkurflogvelli lýkur.

Undanfarnir vetur hafa reynst erfiðir með tilliti til veðurs. Suðurnesin orðið illa úti með tilliti til ofsaveðurs. Síðasti vetur var mjög snjópungur en allir þjóðvegir á Suðurnesjum lokuðust um tíma í fyrra, oftar en einu sinni. Vegir á Suðurnesjum flokkast ekki undir að vera fjallvegi og því er afar slæmt að aðstæður sem þessar komu upp oft yfir veturinn. Síðast liðin vetur komu upp aðstæður þar sem starfsfólk komst ekki til vinnu sinna út á Reykjanes, inn í Voga né upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Við annan slíkan vetur verður ekki búið og því er nauðsynlegt að tryggja fjármuni til þess að hægt sé að halda uppi vetrarþjónustu í 32 þúsund manna samfélagi sem og þjónustu við alla þá sem fara um Reykjanesbrautina eða um 95% allra þeirra sem heimsækja Ísland.

Sjóvarnir

Í ljósi hlýnunar jarðar og hækkandi sjávarstöðu má búast við því að sjávarflóð verði tíðari á Reykjanesskaganum en áður hefur þekkt. Mikilvægt er að bregðast við náttúruvá sem þessari með tilheyrandi vörnum og aðgerðaáætlunum. Sjávarflóð og varnir vegna þeirra skipta sífellt meira máli í sjávarbyggðum eins og á Suðurnesjum. Öll sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa fundið afleiðingum af ofsaveðrum og hækkunar sjávar. Sveitarfélögin Suðurnesjabær og Grindavík hafa þó fundið fyrir þessari vá meira. Landbrot og tjón hefur verið töluvert í þessum sveitarfélögum þegar sjór hefur gengið á land.

Sjávarflóð eru ein tegund af náttúruvá sem við búum við hér á landi, mikilvægt er að bregðast við þeirri vá á sama hátt og t.d. ofanflóðahættu þar sem góðar varnir skipta öllu máli til þess að lágmarka líkur á neikvæðum áhrifum á samfélagið á Suðurnesjum. Greiningar sem unnar hafa verið t.d. af hálfu Suðurnesjabæjar og Grindavíkur gefa skýr merki um þörfina á bættum sjónvörnum á Suðurnesjum. Mikilvægt er að forgangsraða verkefni sem þessu inn í Samgönguáætlun og tryggja fjármagn til þess að hægt sé að fara í framkvæmdir sem þessar án tafar.

Reiðhjólástígar


Sveitarfélögin á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið saman að því að byggja upp örugga hjólaleið á milli Reykjavíkur og Suðurnesja. Skipaður hefur verið vinnuhópur og er tilgangur hans að skoða mögulegt leiðarval, gera tillögur að framtíðarvistun verkefnisins og móta sameiginlega sýn. Búið er að samþykkja sameiginlega ályktun beggja svæðisskipulagsnefndanna, þ.e.a.s. Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja og Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins. Þar segir m.a.

„Skipulagt verði heildstætt göngustíga- og hjólanet um svæðin, sem tengi saman atvinnu, íbúða, þjónustu- og útivistarsvæði. Lokið verði við að leggja og merkja öruggar hjólaleiðir milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins“.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggur áherslu á að framlögð áætlun taki mið af þessu sameiginlega verkefni sveitarfélaganna og ríkisvaldsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum


Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.